

Alþingi  
Erindi nr. P 139/499  
komudagur 29. 11. 2010



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember 2010

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki  
þskj. 213 – 196. mál.**

BSRB lýsir sig sammála þeirri grundvallarhugmynd að setja á sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, í því efnahagsástandi sem við nú búum við. Hins vegar verður að slá varnagla við því að fjármálastofnanir velti þessum auknu byrðum á neytendum, með hærri þjónustugjöldum, lægri vöxtum á innlánsreikninga, eða hvaða formi sem kann að vera. BSRB leggur því til að sérstakt eftirlit verði haft með því að svo verði ekki.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'K. Ó. Proppé'.

Kolbeinn Óttarsson Proppé

Reykjavík, 29. nóvember 2010

Alþingi  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, 196. mál.

Bankasýslu ríkisins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, 196. mál og óskar eftir að koma á framfæri eftirtöldum sjónarmiðum.

Í 1. gr. frumvarpsins eru færð fram tvíþætt rök fyrir sérstakri skattlagningu á fjármálafyrirtæki. Hin fyrri þau að afla þurfi ríkinu tekna til að mæta þeim mikla kostnaði sem fallið hefur á ríkissjóð vegna hruns íslenska fjármálakerfisins. Ljóst er að leiða er leiða til að draga úr halla á ríkisrekstri. Á það skal þó bent að þau fjármálafyrirtæki sem munu bera meginþungan af skattinum, þ.e. stærstu viðskiptabankarnir, eru ný fjármálafyrirtæki með aðra eigendur en þau fyrirtæki sem starfrækt voru hér við hrun íslenska fjármálakerfisins. Æskilegt væri að mati Bankasýslunnar að skatttekjur vegna sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki færu í sérgreindan sjóð sem ætlað væri að mæta áföllum fjármálakerfisins í framtíð.


Síðari rökin fyrir skattheimtunni eru þau að með því sé dregið úr áhættusækni fjármálafyrirtækja. Ef þetta markmið hefði verið í forgrunni hefði að mati Bankasýslunnar þurft að skoða það mun betur með hvaða hætti best sé að draga úr áhættusækni. Í því sambandi skal minnt á að eftirlitsaðilar hafa yfir skilvirkum heimildum að ráða til slíkrar stýringar. Tvö fjármálafyrirtæki sem fjármagna sig með sama hætti geta verið með gjörólíkan áhættustefnu. Ekki verður séð að sú aðferð að gera eina leið fjármögnunar dýrari en verið hefur hafi þau áhrif að draga almennt úr áhættusækni. Hins vegar kann skattlagningin að leiða til þess að þjónustan verði dýrari fyrir neytendur og/eða að reksturinn skili minna til eigenda sinna, sem nú um stundir eru m.a. ríkissjóður.

Að mati Bankasýslunnar er mikilvægt að skoða heildstætt hvaða áhrif skattlagning annars vegar og iðgjald til tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta hins vegar hefur á áhuga fjármálafyrirtækja á mismunandi fjármögnunarleiðum.

Með b. lið 2. mgr. 2. gr. eru undanþegin skattskyldu fyrirtæki sem „stofnuð eru samkvæmt sérstökum lögum til að vera eign opinberra aðila að öllu leyti, nema annars sé getið í lögum.“ Í greinargerð segir um þessa grein að átt sé við t.d. Byggðastofnun, Lánasjóð sveitarfélaga auk fjármálafyrirtækja í slitameðferð. Þar er ekki að finna rökstuðning fyrir undanþágunni. Ef gert er ráð fyrir að lagasetningin

hafi áhrif á áhættusækni fjármálafyrirtækja er að mati Bankasýslunnar ekki tilefni til að undanskilja fyrirtæki sem stofnuð eru sérstaklega til að vera í eigu hins opinbera.

Virðingarfyllst,



Elín Jónsdóttir

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Kópavogi, 29. nóvember 2010

**Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, þskj. 213 – 196. mál.**

## Almennt

Deloitte hf. hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar.

Mikil umræða hefur átt sér stað meðal ríkja Evrópska efnahagsvæðisins um nauðsyn þess að leggja sérstakan skatt eða gjald á fjármálafyrirtæki. Leiðtogaráð Evrópusambandsins hefur að auki komist að því samkomulagi að aðildarríkin skuli innleiða skatta og gjöld á fjármálafyrirtæki til að tryggja jafna dreifingu á ábyrgð og koma í veg fyrir áhættu. Í þessu sambandi má nefna að í Svíþjóð hefur verið tekið upp sérstakt stöðugleikagjald (s. stabilitetsavgjalt) sem lagt er á heildarskuldir fjármálafyrirtækja. Gjaldið er lagt í sérstakan stöðugleikasjóð sem gegnir því hlutverki að stuðla að stöðugleika í efnahagslífi Svíþjóðar og verja það gegn skakkaföllum sem kunna að verða í framtíðinni.

Deloitte hf. gerir eftirtaldar athugasemdir við ákvæði frumvarpsins:

### 1. Ákvæði 1. gr.

Í ákvæðinu kemur fram að markmið laganna sé tvíþætt, annars vegar að afla ríkinu tekna til að mæta þeim mikla kostnaði sem fallið hefur á ríkissjóð vegna hruns íslenska fjármálakerfisins og hins vegar að draga úr áhættusækni fjármálafyrirtækja með því að ieggja sérstakan skatt á skuldir þeirra, vegna þeirrar kerfisáhættu með tilheyrandi kostnaði sem áhættusöm starfsemi þeirra getur haft í för með sér fyrir þjóðarbúið.


Að mati Deloitte hf. er eðlilegt að tekjur vegna sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki renni í ríkissjóð eins og sakir standa í dag. Hins vegar teljum við mikilvægt að slík ráðstöfun teknanna sé einungis tímabundin á meðan rétt er úr stöðu ríkissjóðs vegna hruns íslenska fjármálakerfisins. Leggjum við því áherslu á nauðsyn þess að festa í lög ákvæði um endurskoðun á ráðstöfun teknanna.

Við þá endurskoðun mælir Deloitte hf. með því að farin verði sú leið að stofna sérstakan sjóð, t.d. að fyrirmynd Svía, sem hafi það hlutverk að stuðla að stöðugleika í efnahagslífinu til framtíðar og verja það gegn mögulegum skakkaföllum. Verður það frekar til þess að markmiði laganna verði náð.


# Deloitte.

Að öðru leyti gerir Deloitte hf. ekki athugasemd við lagafrumvarp þetta.

Virðingarfyllst, f.h. Skatta- og lögræðisviðs Deloitte hf.



Vala Valtýsdóttir  
Forstöðumaður  
Skatta- og lögræðisviðs



Erna Sif Jónsdóttir  
Lögræðingur  
Skatta- og lögræðisviði

Alþingi  
Erindi nr. Þ 139/542  
komudagur 30.11.2010



Nefndarsvið Alþingis  
B.t. Kristjana Benediktsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2010

**Efni: Umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki (196. mál)**

**I. Almenn**

Vísað er til erindis háttvirtrar efnahags- og skattanefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, mál nr. 196/2010.

Félag atvinnurekenda telur að nokkur mikilvæg sjónarmið verði útundan í frumvarpinu. Verða þau rakin stuttlega hér að neðan:

- 1) Fyrirhugað er að skattur á fjármálafyrirtæki renni beint í ríkissjóð, en ekki í sérgreindan viðlagasjóð. Verður það að teljast óeðlilegt í ljósi þess að markmið skattlagningarinnar er að mæta kerfisáhættu og þeim kostnaði sem áhættusöm starfsemi banka getur haft í för með sér. Ef skatttekjur fara í önnur verkefni jafnóðum verður markmiðið ekki uppfyllt. Í athugasemdum frumvarpsins er þó sagt að „eðlilegt [sé] að skoða hvort tekjur af umræddum skatti eigi fremur að renna í sérstakan viðlagasjóð sem verði trygging gegn mögulegum fjármálaáföllum í framtíðinni.“ Að framansögðu telur FA frumvarpið ekki vera í takt við vandaða skattaframkvæmd.
- 2) Ef frumvarpið verður að lögum mun sérstök skattlagning fjármálafyrirtækja bætast við sérstaka eiginfjárkröfu á fjármálafyrirtæki, sem sett er af Fjármálaeftirlitinu. Í ársskýrslu FME 2009 segir:

*„Á vordögum 2009 framkvæmdi Fjármálaeftirlitið úttekt á nýju bönkunum og viðskiptaáætlunum þeirra, svo og fjárhagslegum styrk þeirra og eiginfjárþörf í svokölluðu endurreisnarverkefni (e.sign-off project) með aðstoð Oliver Wyman. Með tilliti til gæða eignasafna og efnahagslegrar óvissu næstu missera taldi Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að gera hærri eiginfjárkröfu á bankana þrjá en lögboðið lágmark segir til um. Eiginfjárfra Fjármálaeftirlitsins í tilfelli bankanna þriggja er því að lágmarki 16% CAD hlutfall. Sambærileg eiginfjárfra verður gerð til annarra fjármálafyrirtækja.“*

Ekki verður annað séð en að sérstök skattlagning annars vegar og hærri eiginfjárfrafa hins vegar eigi að mæta sambærilegum sjónarmiðum um þá kerfisáhættu sem við getur verið að glíma í fjármálakerfinu. FA telur óeðlilegt að skattlagt sé samkvæmt þessum sjónarmiðum ef þegar er gætt fyllstu varfærni af hálfu stjórnvalda í hærri eiginfjárkröfu. Það er mikilvægt að fram komi að eftir því sem næst verður komist er eiginfjárfrafa á fjármálafyrirtæki erlendis 8%. Á Íslandi er hún 16%. Í því felst dulinn skattur á eigendur fjármálafyrirtækja og þar með á viðskiptamenn þeirra.


- 3) Rétt er að vekja athygli á að hærri eiginfjárfrafa á fjármálafyrirtæki leiðir af sér hærri verðlagningu innlendra fjármálastofnana en ella væri. Vaxtaálag banka verður eðlilega hærra þegar lánveltingar binda meira eigið fé. Sú skattlagning sem felst í frumvarpinu verkar í sömu átt. Ljóst er að þeir sem munu bera byrðina eru viðskiptamenn bankanna. Hinir sömu viðskiptamenn hafa þurft að glíma við þá staðreynd að grunnvextir í íslenskum krónum eru hærri en víðast gildir. Það er því ekki fagnaðarefni að stjórnvöld hafi með beinum hætti áhrif sem leiðir af sér enn hærra vaxtaálag á skuldara í landinu.

## II. Annað

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.


Virðingarfyllt,



Almar Guðmundsson

Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

Alþingi  
Erindi nr. P 139/467  
komudagur 29.11.2010



Félag löggiltra  
endurskoðenda

Reykjavík 26. nóvember 2010  
Tilvísun FLE 35-2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

b/t Kristjönu Benediktsdóttur


**Málefni:** Frumvarp til laga um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, 196 mál.

Með tölvupósti dags. 22. nóvember s.l. óskaði Efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin telur málið vera þess eðlis að félagið tekur ekki afstöðu til þess.

Virðingarfyllt,  
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

  
Sigurður B. Arnþórsson  
Framkvæmdastjóri FLE



Alþingi  
Erindi nr. P 139/819  
komudagur 8.12.2010

**From:** thordur.reynisson@fjr.stjr.is [mailto:thordur.reynisson@fjr.stjr.is]

**Sent:** 8. desember 2010 13:15

**To:** Helgi Hjörvar

**Cc:** Steingrímur J. Sigfússon; marianna.jonasdottir@fjr.stjr.is; linda.gardarsdottir@fjr.stjr.is; Eiríkur Áki Eggertsson

**Subject:** Upplýsingar v. fyrirspurnar um bankaskattsfrumvarp

*Til efnahags- og skattanefndar Alþingis.*

Vegna fyrirspurnar frá formanni nefndarinnar um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki (196. mál) vill fjármálaráðuneytið koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri:

### **1. Afnema 5.000 millj. skilyrðið**

Í frumvarpinu er miðað við að aðilar með skattstofn undir 5.000 milljónum króna verði undanþegnir skattálagningu. Þetta skilyrði gerir það að verkum að öll verðbréfafyrirtæki og minnstu sparisjóðirnir þurfa ekki að greiða þennan skatt. Rökin fyrir þessu marki eru einkum af praktískum toga, sérstaklega hvað varðar verðbréfafyrirtækin. Ólíkt skuldum annarra skattskyldra fjármálafyrirtækja skv. frumvarpinu eru skuldir verðbréfafyrirtækja fyrst og fremst rekstrarskuldir og því þykja ekki rök til að leggja þennan sérstaka skatt á þessi fyrirtæki. Ef þessi fyrirtæki verða undanþeginn skattinum, þ.e. að skatturinn taki ekki til verðbréfafyrirtækja, eru taldar líkur á því að bankar eða sparisjóðir færi hluta af skuldum sínum í verðbréfafyrirtæki í því skyni að komast hjá skattinum. Enn fremur má benda á að skattstofn flestra verðbréfafyrirtækja er mjög lágur í samanburði við önnur skattskyld fjármálafyrirtæki og verði þessi skattur lagður á þau má ætla að tekjuáhrifin yrðu óveruleg. Sömu sjónarmið gilda um minnstu sparisjóðina. Því var farin sú leið að hafa þessa aðila skattskylda en undanþiggja þá skattlagningu með umræddum hætti

Kjósi nefndin að breyta þessu undanþáguvæði leggur ráðuneytið það til að skoðað verði að lækka gólfíð niður í 2.000 milljónir kr. Með slíkri breytingu myndu sennilega allir sparisjóðir þurfa að greiða skattinn en verðbréfafyrirtækin, að undanskildu Arion verðbréfavörslu hf., myndu ekki ná upp í gólfíð.

### **2. Hafa skattstofninn eigið fé og skuldir en heimila frádrátt af eiginfjárbætti A.**

Fjármálaráðuneytið skoðaði í samstarfi við ríkisskattstjóra o.fl. hvort skattstofninn ætti að vera skuldir og eigið fé að frádregnum eiginfjárbætti A. Það er mat ráðuneytisins að heppilegra sé að fara þá leið sem lögð er til í frumvarpinu, þ.e. að leggja aðeins á skuldir en undanþiggja allt eigið fé. Er það einkum lagt til vegna ýmissa praktískra sjónarmiða. Í fyrsta lagi miðast skatturinn við skattframtal viðkomandi skattaðila og skattstjóri hefur ekki upplýsingar um skiptingu á liðnum „eigið fé“ í eiginfjárliði. Krafa um slíka uppskiptingu myndi auka kostnað og flækjustig við álagningu og eftirlit með skattinum. Einnig má benda á að í dag er lítill munur á upphæð eigin fjár og eiginfjárlutfalli A og því væri skattstofninn nánast sá sami. Fjármögnun fjármálafyrirtækja hér á landi er nú nokkuð einsleit en búast má við að það komi til með að breytast á næstu árum og getur það þá e.t.v. gefið tilefni til breytinga. Eins má benda á að meiri hætta er á einhvers konar undanbrögðum skattskyldra aðila ef frádráttarliðum verður fjölgað og flækjustig aukið. Þá hafa önnur Evrópuríki sem eru í þann mund að taka upp svipaðan skatt farið mismunandi leiðir við ákvörðun á skattstofni og frádráttarliðum. Miðað er við að lögin komi til endurskoðunar innan árs frá gildistöku þeirra og mun þetta verða skoðað sérstaklega við þá yfirferð.

### **3. Hafa skattstofninn óbreyttan en heimila engan frádrátt.**

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skattstofninn sé heildarskuldir eins og þær koma fram á

skattframtali að frádregnum þeim hluta tryggðra innstæðna sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta greiðir út ef kemur til greiðsluskyldu hans. Almennt teljast tryggðar innstæður áhættuminni skuldir og nokkuð örugg leið við fjármögnun á bankastarfsemi. Einnig má benda á að verði enginn frádráttur leyfður, verður Ísland sennilega eina landið í Evrópu sem ekki heimilar þann frádrátt frá skattstofninum. Skattprósentan gæti lækkað í 0,041% sé miðað er sömu tekjur ríkissjóðs og í frumvarpinu, eða 1 ma. kr. Ef skattprósentan yrði hins vegar höfð óbreytt er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs yrðu um 1,2 ma.kr.

Ef óskað er frekari upplýsinga eða útskýringa á atriðum er varða þetta mál þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Með kveðju,

-----  
Þórður Reynisson, lögfræðingur / Legal Adviser  
Fjármálaráðuneytið, tekju- og lagaskrifstofa / Ministry of Finance

Alþingi  
Erindi nr. P 139/500  
komudagur 29.11.2010

Nefndasvið Alþingis, vegna félags- og tryggingamálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök  
Heimilanna



Reykjavík, 29. nóvember 2010

**Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna (HH) til Efnahags- og skattanefndar Alþingis vegna þingskjals nr. 213, 196. máls, 139. löggjafarþingi, 2010-2011.  
Frumvarp til laga um sérstakan skatt á fjármálfyrirtæki.**

**Almennt:**

Markmið frumvarpsins er tvíþætt, annars vegar að afla ríkissjóði tekna vegna mikils kostnaðar sem hefur fallið á ríkissjóð við hrun fjármálakerfisins og hins vegar að draga úr áhættusækni fjármálfyrirtækja. Lagður er til 0,045% sérstakur skattur á hérlendar heildarskuldir fjármálfyrirtækjanna að frádragnum þeim hluta innistæðna sem getur að hámarki komið til útborgunar hvers innistæðueigenda skv. lögum um innistæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Markmið með skattstofninum er líka að hafa hann breiðan og hafa skatthlutfallið lágt. Gert er ráð fyrir að skatturinn skili um 1ma kr. í ríkissjóð árlega.

Þegar ætla má að kostnaður ríkissjóðs vegna hrunsins sé þegar um 1.350ma er nokkuð ljóst að það mun taka 1350 ár að þessi skattur bæti það tjón upp, skv. rökum frumvarpsins. Að takmarka skattinn við innlendar skuldir fjármálfyrirtækja eingöngu, með ýmsum skerðingarmörkum, bæði við skattstofn og en óskertri innistæðutryggingu getur varla talist breiður skattstofn.

Samtökin telja þennan skatt meira sýndarmennsku að hálfu stjórnvalda, en að þjóna tilgangi sínum í ljósi hagstærða, skattstofns og virkni. Þörf er á slíkum skatti í einhverri mynd í ljósi aðstæðna, en undrun vekur hve lágt skatthlutfallið er, hver skattstofn er og á hve takmarkaðan hluta í veltu fjármálfyrirtækjanna hann nær til. Svo virðist sem skatturinn hafi ekki áhrif á útlán fjármálfyrirtækjanna, sem eru þeirra bókfærðu eignir. Skatturinn virkar hins vegar einna helst á innlán, sem er einkennileg skilaboð, þegar innlendir sparnaður er að hverfa og hvetja þarf til breyttra viðhorfa í fjármálum heimilanna. Hvernig geta innlán endurspeglad áhættusækni þessara fyrirtækja? Það verður að efla sparnað og draga úr yfir skuldsettum fjárfestingum og neyslu fyrirtækja og heimila. Að leggja skatt á innlán kallar á meiri vaxtamun milli inn- og útlána, þar sem innlánsvextir munu væntanlega lækka og þar með draga úr áhuga á sparnaði, en hefur engin áhrif á útlán fjármálfyrirtækjanna. Enn frekari virkni boðaðs fyrirkomulags er að mörg fjármálfyrirtæki eru ekki með innlán, ss. bílafjármögnunarfyrirtækin, þó frumvarpið ná til fjármögnunarskulda þeirra.


Ef vinna á með áhættusækni fjármálfyrirtækja væri nærtækara að setja skýrari hömlur á virkan eignarhlut í fyrirtækjum og tengdum aðilum skv. 28.gr. laga 161/2002 og útlána þeirra, sérstaklega útlána til stórra einstaka og tengdra aðila sbr. 30.gr. ofangreindra laga.

Samtökin leggja til að skattstofn frumvarpsins verði endurskoðaður, snúið við og skatturinn verði lagður á tekjuhlíð fjármálfyrirtækjanna, þann hluta útlána sem teljast til stórrar áhættu, sbr. 30.gr. ofangreindra laga. Samtökin leggja til að skattstofninn verði stór útlán eingöngu, en ekki almenn útlán og komi þannig ekki til hækkunar lánskjara almennt. Slík kostnaðardreifing verði bönnuð. Þannig verði svo dæmi sé tekið miðað við skatthlutfallið 1% af lánnum einstaka eða tengdra lántaka fjármálfyrirtækis, sem fer yfir 10% af eiginfjárstofni fjármálfyrirtækisins. Setja mætti slíka fyrirvara um breytingu á lánskjörum inn í skilmála skuldaskjala útlána, fari lánveiting / -ar yfir skilgreind mörk.

Á það er bent að í nýlegu frumvarpi um ýmsar skattahækkanir í þskj. 217-200 um ríkisfjármál, sem nú er til umfjöllunar í Nefndarsviði Alþingis, er lagt til 4-100% hækkun ýmissa skatta og lækkun bóta á

almenning vegna aukinnar skuldabyrði ríkisins vegna sama hruns. Það lága hlutfall sem gengið er út frá í frumvarpinu er nánast móðgun við almenning í landinu vegna gríðarlegs kostnaðar sem hann verður að taka á sig vegna óábyrgrar útlánastarfssemi fjármálafyrirtækja og mikilla krosseignarhaldstengsla, sem opinbert eftirlit spornaði ekki við. Því er lagt til að skattstofn og skatthlutfall frumvarpsins verði endurskoðuð frá grunni.

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna / [www.heimilin.is](http://www.heimilin.is)

  
Friðrik Ó. Friðriksson, formaður

Sveinbjörn Sveinsson, varastjórnarmaður

*Alþingi*  
*Erindi nr. þ 139/540*  
*komudagur 30.11.2010*

Efnahags- og skattanefnd

196. mál

Íbúðalánasjóður hefur fengið til meðferðar frumvarp til laga um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki. Þar sem frumvarpið varðar ekki starfsemi Íbúðalánasjóðs, sbr. b. Lið 2. Gr. frumvarpsins, telur sjóðurinn ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við frumvarpið eða einstakar greinar þess.

Með kveðju,  
Gunnhildur

**Gunnhildur Gunnarsdóttir**  
Sviðsstjóri lögfræðisviðs  
Íbúðalánasjóður

Alþingi  
Erindi nr. P 139/468  
komudagur 29.11.2010

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND  
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

  
NEYTENDASAMTÖKIN

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8 – 10.  
150 Reykjavík

HVERFIGÖTU 105  
101 REYKJAVÍK


SÍMI 545 1200  
FAX 545 1212  
Netfang ns@ns.is  
www.ns.is

Reykjavík, 25. nóvember 2010.

**Athugasemdir Neytendasamtakanna við frumvarp til laga um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, 196. mál.**

Neytendasamtökin styðja þetta frumvarp og hvetja til samþykktar þess.

Virðingarfyllst,  
f.h. Neytendasamtakanna,

  
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Alþingi  
Erindi nr. P 139/470  
komudagur 29.11.2010



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
b/t Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

26. nóvember 2010


Efni: Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum – þskj. 217 – 200. mál.  
Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum – þskj. 204 – 187. mál.  
Frumvarp til laga um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki – þskj. 213 – 196. mál.


Lögð hafa verið fyrir Alþingi eftirfarandi frumvörp:

- Frumvarp laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum
- Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum
- Frumvarp til laga um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki.

PricewaterhouseCoopers ehf. gerir engar efnislegar athugasemdir við ákvæði framangreindra frumvarpa en ítrekar athugasemdir sínar sem gerðar voru við hækkun fjármagnstekjuskatts í bréfi, dags. 24. júní 2009 (athugasemdir við frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sbr. þskj. 155 – 118. mál). Þar var vakin athygli á að fjármagnstekjuskattur er lagður á nafnvaxtatekjur en ekki raunvaxtatekjur. Þetta leiðir til þess að verðbætur sem móttakandi fær á sinn sparnað er einnig skattlagður og getur því leitt til þess að um heikvæða raunávöxtun er að ræða. Hækkun fjármagnstekjuskatts eykur enn frekar líkur á þessu.

Virðingarfyllst,  
PricewaterhouseCoopers ehf.

  
Friðgeir Sigurðsson  
lögfr.

  
Jón Ingi Ingi Bergsson  
lögfr.



# RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi  
Erindi nr. P/39/557  
komudagur 1.12.2010

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis Austurstræti 8-10	30. nóvember 2010	A-8 LÖ/mb

150 Reykjavík.

Vísað er til erindis efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 23. þ.m., þar sem óskað er umsagnar um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki (heildarlög), 196 mál.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að skattskyldir aðilar séu fjármálafyrirtæki sem fengið hafa starfsleyfi sem viðskiptabanki, sparisjóður, lánaframtæki og verðbréfafyrirtæki og aðrir aðilar sem leyfi hafa til að taka við innlánnum og stunda viðskipti með verðbréf. Skv. 3. gr. frumvarpsins skal stofn til hins sérstaka skatts á fjármálafyrirtæki vera heildarskuldir þess í lok tekjuárs, sbr. 75. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt en heimilt er að draga frá skuldum tryggðar innstæður skv. lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Gjaldhlutfallið er skv. 5. gr. frumvarpsins 0.045%.

Samkvæmt a.lið 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að ef skattstofn skattskylds aðila er undir 5 milljörðum króna skuli hann undanþeginn skattálagningu skv. frumvarpinu. Með hliðsjón af jafnræðissjónarmiðum er að mati Ríkisendurskoðunar ekki færð fullnægjandi rök fyrir þessari undanþágu í greinargerð með frumvarpinu. Að öðru leyti gerir stofnunin ekki athugasemdir við frumvarpið.





RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi

Erindi nr. P 139/466

komudagur 29.11.2010

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100  
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, efnahags- og skattanefnd  
Eiríkur Áki Eggertsson  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. nóvember 2010 02-2010110725  
T-ums 79/10

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um sérstakan skatt á  
fjármálafyrirtæki - 196. mál, þskj. 213.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 22. nóvember 2010 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint frumvarp.


Í frumvarpinu er lagt til að tekinn verði upp sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki þar sem skattstofninn er heildarskuldir eins og þær koma fram á skattframtali að frádregnum þeim hluta tryggðra innstæðna sem Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta greiðir út ef kemur til greiðsluskyldu hans.

Ríkisskattstjóri telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni frumvarpsins en bendir á að samkvæmt gildistökuákvæði þess er fyrirhugað að lögin öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2011 vegna tekjuársins 2010. Vegna þessa er rétt að fram komi að fyrirhuguð skattlagning kallar á töluverðan undirbúning og forritunarvinnu hjá ríkisskattstjóra og þeim fyrirtækjum sem annast framleiðslu og rekstur tölvukerfa sem í hlut eiga.

Tíminn til undirbúnings er skammur, þótt líklegt sé að unnt verði að skipuleggja undirbúningsvinnu með þeim hætti að framkvæmdin ætti að verða skammlaus. Hitt verður að gera alvarlega athugasemd við með hvaða hætti umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er sett fram. Um er að ræða staðlaða umsögn um að frumvarpið hafi í för með sér óveruleg útgjöld fyrir ríkissjóð sem rúmast innan fjárheimilda ráðuneytisins. Engar athuganir hafa farið fram á því af hálfu fjárlagaskrifstofunnar hversu mikla vinnu þurfi að leggja í vegna undirbúningsins, engin greiningarvinna hefur hafist og fullyrðing um að óverulegur kostnaður sé af þessu er misvísandi ef ekki röng. Þá virðist ekki heldur vera tekið tillit til þessað umtalsverður niðurskurðar hefur verið boðaður á fjárheimildum ríkisskattstjóra.

Virðingarfyllt

  
Skúli Eggeri Þorðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 29. nóvember 2010

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, 196. mál**

Samtök atvinnulífsins hafa fengið framangreint frumvarp til umsagnar. Markmið frumvarpsins er annars vegar að afla ríkinu tekna til að mæta þeim kostnaði sem fallið hefur á ríkissjóð vegna hruns íslenska fjármálakerfisins og hins vegar að draga úr áhættusækni fjármálafyrirtækja með því að leggja skatt á skuldir þeirra.

Í athugasemdum við frumvarpið er vísað til þess að höfð sé hliðsjón af álagningu skatts/gjalds á fjármálafyrirtæki í Bretlandi og Svíþjóð sem tekið var upp í kjölfar fjármálakreppunnar. SA telja óeðlilegt að leggja sérstakan skatt á eina atvinnugrein án þess að tekjum ríkissjóðs sem skapast af þeirri skattlagningu sé veitt sérstaklega til uppbyggingar þeirrar atvinnugreinar. Í þessu samhengi er bent á að sænska „stabilitetsavgiften“ er gjald sem greitt er í ríkissjóð en ekki skattur eins og í frumvarpi þessu. Það rennur í sjóð til að mæta áföllum tengdum áföllum í bankakerfi framtíðarinnar. Það væri fjármálafyrirtækjum til hagsbóta ef um væri að ræða gjald en ekki skatt þar sem að þá væri um kostnað að ræða í rekstri fyrirtækisins. Þá er bent á að í skýrslu AGS sem kom út á þessu ári var bankaskattur ekki ein af tillögum sjóðsins varðandi breytingar á sköttum hér á landi.

Það er að mati SA vænlegra til árangurs fyrir tekjuöflun að treysta arðsemisgrundvöll bankanna (þar sem ríkið hefur eigendahagsmuni og mun hagnast á því) og jafnframt skapa sem traustastan grundvöll fyrir rekstur þeirra og aðkomu að endurreisn íslensks atvinnulífs fremur en að þýngja þeim með sérstökum sköttum.

Að mati SA mun þessi bankaskattur óumflýjanlega fara yfir í vaxtamyndum í kerfinu og færast yfir á lántakendur eða fjármagnseigendur og þar með þröngja möguleika banka til að vinna að endurreisn íslensks atvinnulífs. Það vekur athygli að Íbúðalánasjóður sem er stór aðili á lánamarkaði fellur ekki undir frumvarpið en mikilvægt er að gæta að samkeppnislegu jafnræði aðila á sama markaði. Samkeppnisstaða mismunandi lánveitenda mun skekkjast verði frumvarpið óbreytt að lögum.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Alþingi  
Erindi nr. P 139/469  
komudagur 29.11.2010

Til efnahagsnefndar  
Frá Samtökum fjárfesta

**Varðar frumvarp til laga um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, þskj.  
213 — 196. mál.**

Samtök fjárfesta gera aðeins eina athugasemd við þetta frumvarp.  
Samtökin telja eðlilegt að í væntanlegum lögum verði sólarlagsákvæði í stað  
endurskoðunarákvæðis, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Með vinsemd og virðingu,

Vilhjálmur Bjarnason GSM 895 6280  
Samtök fjárfesta

Reykjavík 29. nóvember 2010

Alþingi  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

196. mál

**Varðar: Athugasemdir SFF við drög að frumvarpi um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki.**

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa fengið framangreint frumvarp til umsagnar og af því tilefni vilja þau koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri.

**1. Skattlagning einnar atvinnugreinar umfram aðra**

Í athugasemdum við frumvarpið er vísað til þess að höfð sé hliðsjón af álagningu skatts/gjalds á fjármálafyrirtæki í Bretlandi og Svíþjóð sem tekið var upp í kjölfar fjármálakreppunnar. Það er að mati SFF vænlegra til árangurs fyrir tekjuöflun að treysta arðsemisgrundvöll bankanna (þar sem ríkið hefur eigendahagsmuni og mun hagnast á því) og jafnframt skapa sem traustastan grundvöll fyrir rekstur þeirra og aðkomu að endurreisn íslensks atvinnulífs fremur en að íþyngja þeim með sérstökum sköttum. Þá telja SFF óeðlilegt að leggja sérstakan skatt á eina atvinnugrein án þess að tekjum ríkissjóðs sem skapast af þeirri skattlagningu sé veitt sérstaklega til uppbyggingar eða þjónustu við þá atvinnugrein. Ýmis ríki sem glímt hafa við fjármálakreppu að undanförunu hafa lagt á skatta. Þeir skattar hafa verið lagðir á innlán eða aðra þætti sem hið opinbera lagði til með stuðningsaðgerðum sínum til að forða fjármálahruni. Hér á landi var hrúni ekki forðað. Að mati SFF er eðlilegt að sérstök gjaldtaka af fjármálafyrirtækjum renni til Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Í þessu samhengi er bent á að sænska „stabilitetsavgiften“ rennur í sjóð til að mæta áföllum tengdum áföllum í bankakerfi framtíðarinnar. Gjaldið er ekki hugsað sem skattur sem ætlaður er til almennrar tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Sænska leiðin er því ólík því sem lagt er til í þessu frumvarpi. Þá er bent á að í skýrslu AGS sem kom út á þessu ári var bankaskattur ekki ein af tillögum sjóðsins varðandi breytingar á sköttum hér á landi. Þessi atriði hafa SFF bent á áður í samskiptum við fjármálaráðuneytið og starfshóp fjármálaráðherra sem skipaður var til að endurskoða skattkerfið.

## 2. Kostnaður færast yfir á lántaka og fjármagnseigendur

Að mati SFF myndi bankaskattur hitta illa fyrir hérlend fjármálafyrirtæki sem þegar eru að berjast fyrir því að lækka kostnaðarhlutföll, sem hafa verið of há, og leiða til hækkaðs verðlags á þjónustu til viðskiptamanna hérlendra banka. Þannig mun kostnaður óumflýjanlega fara yfir í vaxtamyndum í kerfinu og færast yfir á lántakendur eða fjármagnseigendur og þar með þrengja möguleika banka til að vinna að endurreisn íslensks atvinnulífs. Það vekur athygli að Íbúðalánasjóður sem er stór aðili á lánamarkaði fellur ekki undir frumvarpið en mikilvægt er að gæta að samkeppnislegu jafnræði aðila á sama markaði. Samkeppnisstaða mismunandi lánveitenda mun skekkjast verði frumvarpið óbreytt að lögum.

## 3. Samræmi við frumvarp um innstæðutryggingar

Í 1. gr. frumvarpsins kemur fram að markmið þess sé m.a. að „draga úr áhættusækni fjármálafyrirtækja“ með því að leggja sérstakan skatt á skuldir þeirra vegna þeirrar kerfisáhættu með tilheyrandi kostnaði sem áhættusöm starfsemi þeirra getur haft í för með sér fyrir þjóðarþúið. Að mati SFF leiðir aukin skattlagning fjármálafyrirtækja til þess að þau þurfa að leita leiða til að afla aukinna tekna sem getur leitt til meiri áhættusækni í viðskiptum. Réttara væri að segja að tilgangur frumvarpsins sé að stuðla að því að fjármálafyrirtæki leiti eftir áhættuminni fjármögnunarleiðum, eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið á bls. 3. Síðan má deila um það hvort að innlán séu áhættulítill fjármögnunarleið þar sem þau geta horfið jafnskjótt og þau verða til ef innstæðueigendur bera ekki traust til viðkomandi fjármálafyrirtækis eða kerfisáhætta er yfirvofandi.


Verði frumvarpið að lögum og ef tilgangur frumvarpsins er sá að stuðla að því að fjármálafyrirtæki fjármagni sig með innstæðum er mikilvægt að samræmi sé milli þessara laga og laga um innstæðutryggingar en frumvarp um það efni er nú til meðferðar á Alþingi. Samkvæmt fyrirleggjandi frumvarpi til laga um innstæðurtryggingar, er gert ráð fyrir að iðgjaldastofnin sé ekki bundinn við innstæður undir € 100.000, heldur reiknist á allar tryggðar innstæður, óháð fjárhæð. Í þessu tilliti er ósamræmi milli gjaldstofnana í frumvarpi um innstæðutryggingar og frumvarpi um bankaskatt þ.e. tryggðar innstæður yfir € 100.000 yrðu í raun tvískattaðar. Eins og þessi frumvörp líta út núna er hvati fyrir banka til að færa sig yfir í innstæður sem fjármögnun ekki til staðar. Þess vegna er mikilvægt að skatturinn/gjaldið sé tengt innstæðutryggingakerfinu og sé eyrnamerkt bankakerfinu sjálfu til að tryggja stöðugleika kerfisins.

Það skiptir einnig máli í þessu sambandi að „stabilitetsavgiften“ er gjald sem greitt er í ríkissjóð en ekki skattur eins og í frumvarpi þessu. Það væri fjármálafyrirtækjum til hagsbóta ef um væri að ræða gjald en ekki skatt þar sem að þá væri um kostnað að ræða í rekstri fyrirtækisins. Verði frumvarpið lagt fram á Alþingi er lagt til að fylgt verði fordæmi Svía að þessu leyti. Hér á eftir er texti úr athugasemdum með sænska frumvarpinu um þetta atriði bls. 22 í enskri þýðingu:<sup>1</sup> „As mentioned above, the Government proposes that a stability fee should be paid by all credit institutions covered by the Support Act. However, the question is whether the stability fee should be regarded as a tax or a mandatory fee. The preparatory works for the Instrument of Government state that a tax may be characterised as a mandatory contribution to public institutions without any direct consideration in return, whereas a fee is usually paid for a specified consideration provided by the public institutions (Government Bill 1973:90, p. 213). However, it is possible for a monetary levy to have the nature of a fee in certain cases and not a tax, even if no specified consideration is provided in return; for

<sup>1</sup> <http://www.regeringen.se/content/1/c6/14/74/33/1b535b23.pdf>

example, if the levy is according to special rules entirely passed on to the sector of industry covered by the regulation. It is proposed that a stability fee be charged to all credit institutions covered by the Act. A precondition for a credit institution receiving support under the Act is that it "is needed to counteract a risk of serious disruption to the financial system in Sweden". *The purpose of the stability fee is to build up the stability fund.* Furthermore, the aim is that credit institutions adversely affected by a serious financial crisis may gain access to the monies in the stability fund. In the opinion of the Government, the credit institutions can (Government Bill 2009/10:30) thereby be deemed to have consideration provided under such circumstances, *and consequently the stability fee should be deemed to comprise a fee and not a tax.*"

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.



Alþingi  
Erindi nr. P 139/544  
komudagur 30.11.2010

29. nóvember 2010  
SI-68431

Nefndasvið Alþingis  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, 196. mál á 139. löggjafarþingi.

Með tölvubréfi dags. 22. nóvember 2010 óskaði nefndasvið Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er lagt til að sérstakur skattur verði lagður á fjármálafyrirtæki til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Gert er ráð fyrir að skattstofninn verði 0,045% af heildarskuldum að frádregnum tryggðum innstæðum hjá Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta. Áætlað er að tekjur ríkissjóðs af skattinum verði um 1 ma.kr. á ári.

#### *Almennar athugasemdir*

Fram kemur í frumvarpinu að markmið með skattlagningunni sé tvíþætt. Annars vegar að afla ríkinu tekna til að mæta þeim mikla kostnaði sem fallið hefur á ríkissjóð vegna hruns íslenska fjármálakerfisins og hins vegar að draga úr áhættusækni fjármálafyrirtækja með því að leggja sérstakan skatt á skuldir þeirra vegna kerfisáhættu með tilheyrandi kostnaði sem áhættusöm starfsemi þeirra getur haft í för með sér fyrir þjóðarþúið.


Fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að fjármálafyrirtæki séu mikilvægur hlekkur í efnahagslífi hvernar þjóðar. Af því leiði að rekstrarvandæði þeirra geti haft í för með sér verulegan þjóðfélagslegan kostnað, eins og dæmin sanna. Þann gríðarlega kostnað sem lagst hefur á íslenska ríkið í kjölfar hruns fjármálakerfisins hér á landi má að stórum hluta rekja til óhóflegrar áhættusækni fjármálafyrirtækja. Í því ljósi er talið réttmætt að þeir aðilar sem starfa á þessum markaði greiði ríkissjóði tiltekið framlag sem muni nýtast við endurreisn fjármálakerfisins á næstu árum. Enn fremur skiptir stöðugt fjármálakerfi höfuðmáli fyrir áframhaldandi rekstur íslensks fjármálamarkaðar og því eðlilegt að hluti þess kostnaðar sem fellur til við að skapa slíkar aðstæður falli á fjármálafyrirtæki. Seðlabankinn tekur undir að mikilvægt sé að leita leiða til þess að stuðla að stöðugleika fjármálakerfisins en bendir jafnframt á nauðsyn þess að skatturinn verði hóflegur til að minnka líkur á því að hann verði í raun borinn uppi af viðskiptamönnum fjármálafyrirtækja með hærri vaxtamun og þjónustugjöldum.

\* Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að auk þess að vera bein tekjuöflun fyrir ríkissjóð, a.m.k. fyrst um sinn, er með frumvarpinu leitast við að hvetja fjármálafyrirtæki til að fjármagna sig með öruggari hætti, þ.e. að vera með hátt eigið fé og tryggð innlán. Síðar sé mögulegt að skoða hvort tekjur af umræddum skatti eigi að renna í sérstakan viðlagasjóð. Jafnframt kemur fram að með frumvarpinu sé verið að fylgja þróun í Evrópu en einungis Svíar hafa nú þegar tekið upp svokallað stöðugleikagjald (s. stabilitetsavgift) sem lagt er á heildarskuldir fjármálafyrirtækja. Margar aðrar Evrópuþjóðir hafi þó lýst því yfir að þær ætli að fara að fordæmi Svía, m.a. Frakkar, Bretar og Þjóðverjar. Með batnandi afkomu ríkissjóðs er eðlilegt að skoða hvort tekjur af umræddum skatti eigi fremur að renna í sérstakan viðlagasjóð sem verði trygging gegn mögulegum fjármálaáföllum í framtíðinni. Mikilvægt er að fylgst sé með framvindu slíkra mála hjá nágrannaþjóðunum og taka lög in til endurskoðunar með hliðsjón af þróun innan EES.

Stofn skattsins sem hér um ræðir er heildarskuldir eins og þær koma fram á skattframtali að frádregnum tryggðum innstæðum hjá Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta. Í frumvarpi sem efnahags- og viðskiptaráðherra hyggst leggja fram á yfirstandandi þingi um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta er gert ráð fyrir að hámarksgreiðsla sé 100.000 evrur og miðast hún við innstæður innstæðueiganda hjá sömu innlánsstofnun óháð fjölda innlánsreikninga. Forsendur þessa frádráttarliðar taka mið af því að umrætt frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra verði samþykkt. Nái það ekki fram að ganga eða ef gerðar verða verulegar breytingar á því getur reynst nauðsynlegt að gera viðeigandi breytingar á frumvarpi um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki að því er varðar frádrátt tryggðra innstæðna. Í ljósi framangreinds telur Seðlabankinn að leggja ætti fram frumvarp um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki og frumvarp um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta samhliða.

Seðlabankinn ræður ekki yfir sérþekkingu á sviði refsiréttar en vill engu að síður benda á að tilvísanir í 6. gr. frumvarpsins standast hugsanlega ekki þær kröfur sem gerðar eru til skýrleika refsheimilda.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Arnór Sighvatsson  
aðstoðarseðlabankastjóri

  
Tryggvi Pálsson  
framkvæmdastjóri





Nefndarsvið Alþingis,  
b.t. Efnahags- og skattanefndar Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Sent með tölvupósti á netfangið.  
[nefndarsvid@althingi.is](mailto:nefndarsvid@althingi.is)

Reykjavík, 30. nóvember 2010.

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki.

Skilanefnd Glitnis banka vísar til tölvupósts Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur, ritara nefndarsviðs Alþingis, dags. 22. nóvember sl. þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki.

Umsögn skilanefndar Glitnis banka um fyrirleggjandi frumvarp fer annars hér á eftir. Um er að ræða nýja tegund skatta sem einungis er ætlað að leggist á fjármálafyrirtæki. Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er markmið lagasetningarinnar tvíþætt. Orðrétt segir:

Markmið þessara laga er tvíþætt, annars vegar að afla ríkinu tekna til að mæta þeim mikla kostnaði sem fallið hefur á ríkissjóð vegna hruns Íslenska fjármálakerfisins, hins vegar að draga úr áhættusækni fjármálafyrirtækja með því að leggjá sérstakan skatt á skuldir þeirra vegna þeirrar kerfisáhættu með tilheyrandi kostnaði sem áhættusöm starfsemi þeirra getur haft í för með sér fyrir þjóðarþúið.

Ef tilgangur lagasetningarinnar er að draga úr áhættusækni fjármálafyrirtækja telur skilanefnd Glitnis banka illskiljanlegt af hverju öll fjármálafyrirtæki þurfi ekki að bera þann skatt. Í því sambandi bendir skilanefnd Glitnis banka m.a. á að fyrir bankahrunið 2008 hafði Icebank, sem taldist lítið fjármálafyrirtæki, verið mjög áhættusækið og safnað miklum skuldum á skömmum tíma. Ef ætlunin með frumvarpinu er að draga almennt úr áhættusækni fjármálafyrirtækja, er engin ástæða til að undanskilja minni fjármálafyrirtæki eða fjármálafyrirtæki í eigu hins opinbera á borð við Íbúðarlánasjóð og Byggðastofnun. Hins vegar telur skilanefnd Glitnis banka að markmið laganna um að draga úr áhættusækni banka náist ekki með skattlagningu sem þessari heldur hafi skattlagningin, ef eitthvað er, neikvæð áhrif á rekstur og stöðugleika bankanna.

Svo sem fyrr hefur verið nefnt er ekki öllum fjármálafyrirtækjum ætlað að greiða umræddan skatt. Í 2. gr. frumvarpsins er gert grein fyrir skattskyldum aðilum og hvaða aðilar eru undanþegnir skattinum. Telur skilanefnd Glitnis banka að með þeirri tilhögun sem þar er lagt til sé verið að mismuna aðilum á fjármálamarkaði. Leiðir það til þess að samkeppni á fjármálamarkaði brenglast og dregur enn frekar úr tekjumöguleikum og arðsemi þeirra banka sem þurfa að standa undir þessum nýja skatti.


Í almennum athugasemdum við frumvarpið er vísað til þess að Svíar hafi riðið á vaðið með setningu sérstaks stöðugleikagjalds á heildarskuldir fjármálafyrirtækja. Telur skilanevnd Glitnis banka rétt að vekja athygli á því að sú leið sem lagt er upp með í frumvarpi þessu, þ.e. skattlagning, er ekki sambærileg sænsku leiðinni. Í Svíþjóð var valin sú leið að leggja sérstakt gjald á skuldirnar sem renna ætti í sérstakan sjóð til að mæta áföllum í bankakerfi framtíðarinnar. Hér er aftur á móti lagt til að afmarkaður hluti fyrirtækja í einni atvinnugrein þurfi að bera auknar skattbyrðar vegna almennrar tekjuöflunar ríkisins.

Þá bendir skilanevnd Glitnis banka jafnframt á að hún hafi, f.h. kröfuhafa bankans, samið við stjórnvöld um kaup á 95% hlut í Íslandsbanka síðastliðið haust. Við samningsgerð létu stjórnvöld aldrei í veðri vaka að fyrirhugað væri að setja íþyngjandi skatt á fjármálafyrirtæki sem dregið gæti úr verðmæti umrædds eignarhluta í Íslandsbanka líkt og verið er að gera með frumvarpi þessu. Þvert á móti er að finna sérstakt ákvæði í samningum þar sem tilgreint er að Íslandsbanki verði ekki meðhöndlaður með öðrum hætti en aðrar fjármálastofnanir hér á landi. Telur skilanevndin að með þessu sé vegið að þeim forsendum sem gengið var út frá við kaupsamningsgerðina. Með hliðsjón af því sem að framan greinir áskilur skilanevndin sér rétt til skaðabóta fyrir hönd kröfuhafa Glitnis banka, verði af boðaðri lagasetningu.

Að lokum gerir skilanevnd Glitnis banka alvarlegar athugasemdir við ákvæði 9. gr. frumvarpsins um gildistöku en þar er gert ráð fyrir að löggin öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2011 vegna tekjuársins 2010 og skulda í lok þess árs. Telur skilanevndin að með þessum hætti sé verið að beita skattlagningu afturvirkta en slíkt verður að teljast skýrt brot gegn 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Virðingarfyllst,

f.h. skilanevndar Glitnis banka hf.



Árni Tómasson, formaður



TOLLSTJÓRI

Alþingi  
Erindi nr. P 139/503  
komudagur 29. 11. 2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 26. nóvember 2010.


**Málefni:** *Umsögn um frumvarp til laga um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki. Þingskjal 213 - 196. mál. Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010 – 2011.*

Tollstjóri hefur mótttekið erindi Efnahags- og skattanefndar Alþingis, sent með tölvupósti 22. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki. 196. mál.

Frumvarpið felur í sér, verði það að lögum, að sérstakur skattur verður lagður á fjármálafyrirtæki í samræmi við sérstakar ráðstafanir í ríkisfjármálum til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð.

Tollstjóri gerir ekki sérstakar athugasemdir við ofangreint frumvarp.

Virðingarfyllst,

  
Sigurður Skúli Bergsson  
aðstoðartollstjóri



TRYGGINGARSJÓÐUR  
INNSTÆÐUEIGENDA OG FJÁRFESTA

Alþingi  
Erindi nr. P 139/539  
komudagur 30.11.2010

Efnahags- og skattanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 29. nóvember 2010

**Efni: Umsögn Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta vegna frumvarps til laga um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki (heildarlög), 196. mál.**

Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Sjóðurinn gerir ekki sérstakar athugasemdir við inntak frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

Sigrún Helgadóttir, framkvæmdastjóri



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssona  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2010.

Efni: Frumvarp til laga um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki (196. mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér innleiðingu sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki.*

Með framlagningu ofangreinds frumvarps er lögð til innleiðing sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki. Þau markmið sem þeim skatti er ætlað að ná koma fram í fyrsta ákvæði frumvarpsins. Í fyrsta lagi er því ætlað að mæta að hluta þeim kostnaði sem fallið hefur á ríkissjóð vegna hruns fjármálakerfisins og er það mat Fjárlagaskrifstofu að skatturinn skili inn í ríkissjóð um einum milljarði árlega. Hins vegar er skattinum ætlað það hlutverk að draga úr áhættusækni fjármálafyrirtækja.

#### **Markmið laganna**

Sú löggjöf sem hér er lögð til er ætlað að ná fram ofangreindum markmiðum, sem eru í grunnin ólík, með skattlagningu. Fyrri markmiðið er óljóst að því leiti að ekki hefur verið afmarkað með skýrum hætti hvaða kostnað hér sé átt við. Ekki er dregið í efa að sá kostnaður sem fallið hefur á ríkið sé töluverður. Skilja má af orðalagi frumvarpsins og greinargerð með því að hér sé um tímabundið markmið að ræða en erfitt er að gera sér grein fyrir þeim tímaramma án skilgreiningar á ofangreindum kostnaði.

Reglur, sem ætlað er að taka á áhættusækni fjármálafyrirtækja, þekkjast víða erlendis. Sú skattlagning sem hér er lögð til byggir að mestu á sænskri og breskri fyrirmynd. Sú breyting sem gerð var með sérstakri skattlagningu eða gjaldtöku fjármálafyrirtækja í Svíþjóð og Bretlandi er nýleg. Það er því ekki til staðar nein reynsla til að byggja á hér sem rökstuðningur fyrir því að skattlagning sé sú leið sem skilar árangri þegar draga á úr áhættusækni. Velta verður upp þeirri spurningu hvort ekki sé æskilegra að bíða átekta með skattlagningu og sjá hvort hún skili árangri í þeim löndum þar sem henni hefur verið beitt.

#### **Aðrir hvatar en skattlagning**

Viðskiptaráð telur að þörf sé á að innleiða hvata fyrir fjármálafyrirtæki til að draga úr áhættusækni. Slíkir hvatar verða þó ávallt að vera hóflegir og ekki til þess að draga úr þrótti atvinnulífs eða mismuna fyrirtækjum. Undirrituð mælir með því að aðrir og hugsanlega meira hvetjandi reglur verði settar til að ná síðara markmiði frumvarpsins.

Til að draga úr áhættusækni og auka aðhald mætti m.a. skoða frekar reglur sem snúa að hærra eiginfjárlutfalli, hertari reglur um stórar áhættuskuldbindingar, aukna upplýsingagjöf um lánveitingar til tengdra aðila, hertari viðurlög við brotum o.s.frv. Í greinargerð með frumvarpinu má skilja svo að höfundar séu þessu sammála enda er vísað til þess að með skattlagningu sé verið að hvetja fjármálafyrirtæki til að fjármagna sig með öruggari hætti, þ.e. að vera með hátt eigið fé og

*tryggð innlán.* Það er mat undirritaðrar að betra sé að ná því fram með beinum reglum sem taka á því en ekki skattlagningu.

#### **Skattur á einstaklinga en ekki fjármálafyrirtæki**

Markmið með lagasetningu sem þessari ætti að vera hvati fyrir fjármálastofnanir til að haga rekstri með skynsömum og öruggum hætti og draga úr óþarfa áhættusækni sem skaðað getur bæði viðskiptavini og fyrirtækin sjálf. Í þessu samhengi verður að velta upp þeim áhrifum sem skattlagningin hefur á viðskiptavini fjármálafyrirtækja. Óhjákvæmilega verður að skoða hvort ekki sé í raun hér verið að skattleggja viðskiptavini fjármálafyrirtækja en ekki þau sjálf, enda líklegt að þau muni velta þessum kostnaði yfir á viðskiptavini sína en ekki bera kostnaðinn sjálf. Hér væri þá í raun um að ræða skatt á lántöku viðskiptavina bankanna og þá helst einstaklinga.

Í þessu samhengi verður að vísa til orða Fjármálaráðherra sem hann lét falla á skattafundi SA og Ví nýverið: „Þótt gjarnan sé talað um skattlagningu fyrirtækja eða rekstrar er rétt að hafa það í huga að á endanum greiða eingöngu einstaklingar skatta. Á þeim lenda skattar sem fyrirtækjum er gert að skila.“<sup>1</sup> Því er hér verið að leggja enn meiri skattbyrði á þegna þessa lands sem vart hafa efni á því. Vill Viðskiptaráð því leggja áherslu á fyrri athugasemd sína hér um að frekar ætti að horfa til annarra hvata en skatta til að draga úr áhættusækni fjármálafyrirtækja.

#### **Skattur á eina atvinnugrein umfram aðrar**

Með aðgerðum líkt og frumvarpið mælir fyrir um er verið að gera upp á milli atvinnugreina þannig að ein atvinnugrein er skattlögð umfram aðrar. Í greinargerð með frumvarpinu er þess getið að skattlagning sé heppileg leið til að ná fram markmiðum frumvarpsins og um leið sé gætt jafnræðis meðal þeirra fjármálafyrirtækja sem starfa hér á landi. Ekki er þó vísað til þess að jafnræðis sé gætt gagnvart öðrum atvinnugreinum. Áhrif þess geta varla orðið jákvæð fyrir atvinnugreinina eða atvinnulífið.

Einnig verður að gera athugasemdir við að ákveðin fjármálafyrirtæki eru undanþegin þeim skatti sem frumvarpið kveður á um. Undanþegin eru til að mynda fyrirtæki sem hafa skattstofn undir 5.000 milljónum en ekki eru færð rök fyrir þessari viðmiðun í greinargerð með frumvarpinu og er því ástæða til að kalla eftir rökfærslu fyrir því hvi þessi upphæð er til viðmiðunar og hvað er að baki henni.

Önnur athugasemd beinist að þeim opinberu fjármálafyrirtækjum sem frumvarpið undanskilur. Ríkiseign tryggir ekki minni áhættusækni og þær stofnanir sem eru í eigu hins opinbera geta einnig skapað kostnað fyrir ríkissjóð með sama hætti og þau fjármálafyrirtæki sem eru í einkaeigu komi til vandræða í rekstri eins og dæmin hafa sýnt okkur.

#### **Athugasemdir við aðra þætti**

Í ofangreindu frumvarpi er heimild til frádráttar skattstofni sú upphæð sem greidd er vegna innstæðutrygginga og tryggingakerfis fyrir fjárfesta, þ.e. dragast frá innlán sem tryggð eru af tryggingasjóði innstæðu eigenda. Ekki verður séð með hvaða hætti þetta samrýmist markmiði laganna um að draga úr áhættusækni í fjármálakerfinu.

Kalla verður eftir frekari útskýringum á tiivísun höfunda greinargerðar um viðlagasjóði en í greinargerð með frumvarpinu segir að með batnandi afkomu ríkissjóðs síðar meir megi skoða hvort skatttekjurnar eigi að renna í sérstakan viðlagasjóð sem verði trygging gegn mögulegum fjármálaáfallum í framtíðinni. Engar frekari útskýringar eru á þessari hugmynd né hvar greinir á milli

<sup>1</sup> Erindi Steingríms J. Sigfússonar, fjármálaráðherra, á fundi Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs Íslands um skattamál sem haldinn var 23. september 2010.


[http://www.fjarmalaraduneyti.is/radherra/raedur\\_og\\_greinar/2010/09/23/nr/13564](http://www.fjarmalaraduneyti.is/radherra/raedur_og_greinar/2010/09/23/nr/13564)

frá þessari hugmynd og því tryggingakerfi fyrir innstæðutryggingar sem liggur fyrir að styrkja með frumvarpi sem liggur fyrir á Alþingi. Verður að koma skýrt fram með lagasetningu sem þessari hvert markmið hennar er og þá hvernig henni er ætlað að tryggja það, en ekki er æskilegt að mynda skatttekjustofn sem breytir um tilgang eftir framvindu mála.

Gagnrýna verður einnig framsetningu gildistíma frumvarpsins. Af orðalagi 1. gr. frumvarpsins má áætla að lögnum sé ætlað að vera tímabundin heimild á grundvelli markmiðs þess. Í ákvæði um gildistíma í frumvarpinu er lögð til endurskoðun á því innan árs frá gildistöku en ekki kveðið á um hvernig slík endurskoðun skuli fara fram eða á hvaða grundvelli, né eru sett viðmið um hvenær fella eigi þau úr gildi.

**Viðskiptaráð Íslands leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga óbreytt. Leggur ráðið til að skoðaðir verði aðrir hvatar til að draga úr áhættusækni fjármálafyrirtækja en sérstaka skattlagningu.**

Virðingarfyllt,



---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands